

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Grundarfjarðarbæ.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, hefur bæjarráð Grundarfjarðarbæjar samþykkt þann 21. desember 2006 tillögu að deiliskipulagi fyrir Grundargötu 38, Grundarfirði.

Tillagan var auglýst skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 frá og með 30. ágúst 2006 til og með 27. september 2006 með athugasemdafresti til 11. október 2006.

Í tillögunni er komið til móts við framkomnar athugasemdir um að fjarlægð byggingarreits frá götu (Eyrarvegi) verði hvergi minni en 8 m.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið er sett fram í mkv. 1:500 skv. uppdrætti dags. 7. desember 2006.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Grundarfirði, 21. desember 2006.

Hjörtur Hans Kolsöe, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 8. febrúar 2007